

51. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 20. mars 2012, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**
- 2. Fundargerðir**
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 24. febrúar 2012**
 - b) Hafnarsambands Íslands 17. febrúar 2012**
- 3. Áskorun til bæjaryfirvalda Blönduósbæjar**
- 4. Aðalfundarboð Vilko**
- 5. XXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**
- 6. Aðalfundur Lánasjóðs Sveitarfélaga**
- 7. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 27. febrúar 2012**
- 8. Drög að samkomulagi um váttryggingar milli Blönduósbæjar og Váttryggingafélags Íslands hf.**
- 9. Önnur mál**

Afgreiðslur:

- 1. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Lögð er fram beiðni um námsvist nemenda utan lögheimilissveitarfélags. Bæjarráð frestar afgreiðslu á beiðninni.
- 2. Fundargerðir**
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 24. febrúar 2012**

Lögð fram til kynningar.
 - b) Hafnarsambands Íslands 17. febrúar 2012**

Lögð fram til kynningar.
- 3. Áskorun til bæjaryfirvalda Blönduósbæjar**

Fyrir fundinum liggur áskorun frá 48 íbúum Blönduósbæjar. Í áskoruninni kemur fram að æskulýðsfulltrúi Blönduósbæjar hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu. Það er eindregin ósk þeirra sem skrifa undir að bæjaryfirvöld sjái sóma sinn í því að gera allt hvað þau geta til að halda í Rannveigu. Viljum við með þessum

undirskriftarlista skora á stjórn Blönduósbæjar að taka þetta mál fyrir á stjórnar- og/eða nefndarfundum bæjarins og reyna að ná sáttum við Rannveigu í málinu.

Rannveig Bjarnadóttir sagði upp á haustmánuðum. Starfslok hennar voru 1. mars sl. Bæjarráð er ókunnugt um að æskulýðsfulltrúi hafi verið ósáttur við starfskjör sín. Upplýsingar þar um hafa ekki verið á borðum bæjarráðs. Æskulýðsfulltrúi hefur unnið farsælt starf og leitt er ef starfslok hennar beri að með ósætti.

Zophonías Ari Lárusson vék af fundi undir þessum lið.

4. Aðalfundarboð Vilko

Aðalfundur Vilko ehf. verður haldinn þann 21. mars 2012 kl. 15:00.

5. XXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldinn föstudaginn 23. mars 2012.

Fulltrúi Blönduósbæjar Ágúst Þór Bragason mætir ásamt bæjarstjóra fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Aðalfundur Lánasjóðs Sveitarfélaga

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 23. mars 2012 kl. 16:00. Fulltrúi Blönduósbæjar mætir fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 27. febrúar 2012

Auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar

8. Drög að samkomulagi um váttryggingar milli Blönduósbæjar og Váttryggingafélags Íslands hf.

Bæjarstjóri lagði fram drög að samkomulagi um váttryggingar milli Blönduósbæjar og Váttryggingafélags Íslands hf.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna frekar að málinu og kanna forsendur og kjör hjá öðrum váttryggingarfélögum.

9. Önnur mál

Formaður bæjarráðs lagði fram til kynningar ársskýrslu Heimilisiðnaðarsafnsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:35

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)